

Samskiptastefna Samgöngustofu

Samgöngustofa er öryggisstofnun samgangna á Íslandi. Samskiptastefnan felur í sér áætlun um samskipti innan stofnunar og utan, við fjölmiðla, viðskiptavini og almenning. Stefnan styður stefnumörkun og skuldbindingar stofnunarinnar og hafi gildin *jákvæðni, fagmennska, traust og virðing* að leiðarljósi.

Samgöngustofa skal vera til fyrirmyndar í samskiptum og vanda til allrar upplýsingagjafar. Starfsfólk, fjölmiðlar, hagaðilar og almenningur fái réttar, skýrar og skiljanlegar upplýsingar um mál sem það varðar og njóti nauðsynlegra leiðbeininga og markvissrar fræðslu. Aðgangur að upplýsingum sem varða starfsemi Samgöngustofu sé greiður í samræmi við gildandi lög um stofnunina, upplýsingalög, stjórnáslög og lög um persónuvernd.

Samgöngustofa ræktar tengsl við hagaðila og á við þá stöðug og virk samskipti. Stofnunin hefur frumkvæði að upplýsingamiðlun eftir því sem tilefni er til, setur upplýsingar fram tímanlega, með margvíslegum hætti og eins og viðeigandi er hverju sinni út frá þörfum notandans.

Forstjóri Samgöngustofu ber heildarábyrgð á samskiptastefnunni og endurskoðun hennar. Samskiptastjóri ber ábyrgð á samræmdri upplýsingamiðlun og fylgir samskiptastefnunni eftir. Stjórnendur sýna gott fordæmi og bera ábyrgð á að skapa aðstæður fyrir góð samskipti og upplýsingagjöf. Allt starfsfólk skal við störf sín taka mið af stefnunni og samskipti inn á við og út á við grundvallast á gildum Samgöngustofu.